

við frv. til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „mynda samfellt skólakerfi“ komi: mynda skólakerfi landsins.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „Á gagnfræðastiginu eru unglingaskólar, miðskólar og gagnfræðaskólar“ komi: Á miðskólastiginu eru unglingaskólar, gagnfræðaskólar og héraðsskólar.
3. Við 3. gr. Greinin orðast svo:
Barnaskólar eru fyrir börn á aldirnum 7—13 ára. Í sveitum eru börn frá 7—10 ára aðeins prófskyld. Barnafræðslunni lýkur með barnaprófi.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt er að hafa framhaldsdeild fyrir unglunga við barnaskóla, eftir því sem fé er veitt í því skyni í fjárlögum og frá hlutaðeigandi sveitar- og bæjar-sjóðum. Gagnfræðaskólar skulu vera í kaupstöðum, en héraðsskólar í sveitum, eftir því sem fyrir er mælt í sérstökum lögum um þá skóla. Skal fjölga gagnfræða- og héraðsskólum og stækka þá, sem nú eru til, til að geta fullnægt frjálsri aðsókn nemenda, og eftir því, sem fé er lagt fram í þessu skyni frá ríkinu, bæjarfélögum, sýslum og einstökum mönnum. Þar sem bæjarstjórn óskar eftir, að gagnfræðaskóli starfi í 4 ársdeildum, og tekur á sig nauðsynlegan útgjaldaauka, skal kennslumálastjórnin veita þá heimild.
Kennslu skal haga á þann hátt í gagnfræða- og héraðsskólum, að náms-tímanum sé skipt nokkuð að jöfnu, eftir því sem við má koma, milli verknáms, íþróttá og bóknáms. Allar kennslugreinar skulu vera prófskyldar.
5. Við 5. gr. Greinin orðast svo:
Menntaskólar skulu vera 4 í landinu, hver með 4 ársdeildum. Skal einn vera í Reykjavík, annar á Akureyri, þriðji á Laugarvatni og fjórði á Eiðum. Tveir hinir síðast nefndu menntaskólar hefja starfsemi sína, þegar Alþingi eða aðrir aðilar leggja fram fé til rekstrar skólanna.
6. Við 8. gr. Greinin fellur niður.
7. Við 9. gr. Fyrir „almannafé“ kemur: ríkisfé.
8. Við 10. gr. Greinin orðast svo :
Fyrirmæli um kostnað og rekstur þeirra skóla, sem um getur í 2. gr., skulu sett með landslögum. Reglugerðir um skipulag námsins skulu settar af fræðslumálastjórninni að því er snertir barna- og unglingaskóla, af skólanefndum gagnfræða- og héraðsskóla með samþykki kennslumálaráðherra fyrir þær stofnanir og af kennurum menntaskólanna með samþykki ráðherra vegna menntaskólanna.
9. Við 11. gr. Greinin orðast svo:
Lög þessi taka gildi á árunum 1950—1960, enda hafi frumvarpið áður náð samþykki meiri hluta kjósenda við almenna þjóðaratkvæðagreiðslu í landinu.